

Fundargerð 84. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

Fundur haldinn í fundarherbergi Ferðamálastofu föstudaginn 16. Október 2015
að Geirsgötu 9, 101 Reykjavík, kl. 8:30.

Mættir frá stjórn FF: Albina Thordarson arkitekt FAÍ formaður, Anna G. Sverrisdóttir, og Guðjón Bragason,
(Sævar Skaptason boðaði forföll)

Frá FMS: Örn Þór Halldórsson, (Sólrún Anna Jónsdóttir boðaði forföll),

1. Afgreiðslur umhverfisstjóra .

- a. Farið yfir fjölda og lista umsækjanda næstu úthlutunar en Ferðamálastofa hefur ákveðið að framlengja frestinn til 20. október vegna verkfalla. Frestur verður mögulega framlengdur dragist verkföll á langinn.
- b. Farið yfir lista þeirra og viðbrögð, sem fengið hafa ítrekunarbréf um skil á framvindu- eða lokaskýrslum, dags. 6. október 2015, þar sem fram kom ósk um svör fyrir 5. Nóvember n.k. Send voru bréf vegna FF1, FF2, FF3, og hluta FF4 og stefnd á að senda einnig á FF6 og FF7 og þess sem eftir er af FF4.

Bókun stjórnar:

1. Hafa samband við Breiðdalshrepp vegna mótframlags.
2. Fá formlegt erindi frá Reykjanesjarðvangi um breytingu á styrk vegna Valahnjúks.
3. Fylgja ítrekunarbréfum eftir með tölvupóstum.
4. Senda bréf á þá sem eftir standa með dags. 16. október með viðeigandi fresti til 5. nóvember. (+/-)

- c. Kynntar hugmyndir um framtíðarfyrirkomulag á afgreiðslu mála og nýtingu á vef.

Bókun stjórnar: Stjórnin samþykkir verklagið við aðgengi stjórnarmanna á vef og óskar eftir aðgangi að umsóknum, framvindu- og lokaskýrslum.

2. Bréf dags. 30.9.2015 frá Kötlusetri lagt fram, þar sem fram kemur ósk um niðurfellingu mótframlags vegna þriggja styrkja: DC-3 á Sólheimasandi, Dyrhólaey og Sólheimajökull

Bókun stjórnar: Stjórn óskar eftir yfirliti um stöðu verka áður en tekin verður ákvörðun um að gera tillögu um niðurfellingu mótframlags.

3. Tölvupóstur frá Helgu A Erlingsdóttur, f.h. Þingeyjarsveitar lagt fram, þar sem m.a. kemur fram ósk um niðurfellingu mótframlags.

Bókun stjórnar: Stjórn samþykkir að gera tillögu til ráðherra á grundvelli minnisblaðs um niðurfellingu mótframlags.

4. Önnur mál:

- a. Lögð fram tillaga Albínu Thordarson um flokkun styrkþega sbr. neðangreint:

- i. Styrkþegar sem fá styrk til verkefna þar sem skiplagsmál ganga seint.
- ii. Styrkþegar sem ekki ráða við mótframlag þegar á reynir og ihuga að falla frá styrk af þeirri ástæðu.
- iii. Styrkþegar sem ráða illa við framkvæmdir, m.a. vegna skorts á verktökum.
- iv. Styrkþegar sem ekki ætla að framkvæma það sem sótt er um.
- v. Styrkþegar sem fá styrk til ákveðins verkefnis sem er þegar tilbúið til framkvæmda en ákveða síðar að byrja upp á nýtt á breyttum forsendum.
- vi. Styrkþegar sem fá styrk til verkefna þar sem landeigendamála reynast vera í hnút.
- vii. Styrkþegar sem hvorki svara bréfum né tölvupósti.

Fundi slitið kl. 10:00

Fundargerð ritaði Örn Þór Halldórsson

Ath.

Næsti fundur nr. 85 með fulltrúum ráðuneytanna verður haldinn 22. október 2015 kl. 8:30
Ólöf Ýr Atladóttir hyggst mæta á þennan fund.

Albina Thordarson
Guðjón Bragason *Anna G. Sverrisdóttir*